

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkur (MOF) f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og Reykjavík Dance Festival (RDF) kt. 520402-3570 gera með sér svofelldan:

SAMNING

Um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Reykjavík Dance Festival á tímabilinu 1.1.2019 – 31.12.2020

1. gr. Markmið

Meginmarkmið með stuðningi Reykjavíkurborgar við RDF er að:

- styðja við íslenska danshöfunda og framþróun í greininni
- vekja athygli á og kynna íslenska danslist hér á landi og erlendis
- að veita reykvískum áhorfendum aðgang að erlendum danshöfundum á heimsmælikvarða og verkum þeirra
- að gefa erlendum gestum tækifæri til að sjá það besta sem íslenskir danshöfundar hafa upp á að bjóða
- tryggja samfelli og framþróun í árvissri hátíð

2. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum leggur MOF RDF til í beinum fjárfamlögum kr.:

kr. 4.000.000 árið 2019

kr. 4.000.000 árið 2020

Árin 2019 og 2020 greiðist upphæðin í fjórum greiðslum:

kr. 1.000.000 þ. 1.-3. mars

kr. 1.500.000 þ. 1.-3. júní

kr. 1.500.000 þ. 1.-3. september

Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning 0513-14-102139, kt. 520402-3570

3. gr. Framlag og markmið Reykjavík Dance Festival

Reykjavík Dance Festival hefur verið mikilvægur þáttur í uppbyggingu danslistar á Íslandi frá árinu 2002 og er lýst sem hjartslætti dans- og kóreógraflu á Íslandi og Reykjavík. Sjálfstætt starfandi dansarar settu hátíðina á laggirnar í upphafi þar sem enginn slíkur vettvangur var fyrir hendi fyrir þá. Mikil framþróun hefur orðið á íslenskri danslist undanfarin ár og á hátíðin stórandi þátt í þeirri framvindu.

Reykjavík Dance Festival skipuleggur og heldur þrjá viðburði bæði samningsárin:

Ápríl 2019/2020 - RDF og Tjarnarbíó halda danshátið tileinkaða íslenskum dönsurum og danshöfundum.

Ágúst 2019/2020 – listamannadvalir og vinnuaðferðir listamanna: ný verk og sýningar innlendra og erlendra danslistamanna

Nóvember 2019 – Unglingurinn í Reykjavík: hátíð tileinkuð fyrir, með og handa unglungum í Reykjavík og aðrir viðburðir.

Nóvember 2020 – Alþjóðleg sviðslistahátið.

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar
14 FEB. 2019
Málsnr.: RMF 1812 0003
Skjalaflokkur: 3.1.3.

*SLT
IAG*

4. gr. Ábyrgð

RDF ber ábyrgð á að starfsemi hátiðarinnar fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. RDF ber ábyrgð á skuldbindingum sem hátiðin eða aðilar á hennar vegum stofna til í tengslum við þennan samning. RDF er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

5. gr. Kynningarmál

Á öllu kynningarefni RDF, jafnt innanlands sem utan, skal koma fram að RDF sé styrkt af Reykjavíkurborg og birtir RDF auðkennismerki Reykjavíkurborgar í því skyni. Hægt er að nálgast merki borgarinnar á www.reykjavik.is/skjaldamerki-reykjavikur. Tengja má ferðavefsvæði Reykjavíkurborgar www.visitreykjavik.is við vefi RDF til að kynna Reykjavík sem best sem menningarlegan áfangastað.

6. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofustjóri menningarmála á menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við RDF. Samráðsfundir aðila samningsins skulu haldnir í mars 2020 og 2021, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins og mat lagt á síðasta starfsár.

7. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telur RDF hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal tengilið Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð, er heimilt að fella niður greiðslur þar til RDF hefur sýnt fram á að það muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

8. gr. Gildistími


Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt menningar-, íþróttu og tómstundaráðs þann 10. desember 2018 um styrki og samstarfssamninga ráðsins. Samningurinn gildir til 31. desember 2020. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóma eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

9. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er gerður með fyrirvara um samþykkt menningar-, íþróttu og tómstundaráðs Reykjavíkurborgar og borgarráðs. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík 14. febrúar 2019

F.h. Reykjavíkurborgar



F.h. Reykjavík Dance Festival

